

Kom, fylg mér – Verkefni

Fyrir heimiliskvöld eða
ritningarnám – eða bara til ánægju!

FYRIR MÓSÍA 4-6.

Ganga í fótspor hans

Mósía konungur hélt boðorðin og „gekk á vegum Drottins“ (Mósía 6:6). Dragið útlínur fótár ykkar á blað og klippið síðan út. Skrifðið á fótsporið eitthvað sem þið getið gert til að fylgja Jesú. Setjið fótspor ykkar þar sem þið getið munað eftir því að fylgja fordæmi Jesú Krists.

Fyrir yngri börnin: Farið í göngutúr. Fáid barn ykkar til að stíga í fótspor ykkar. Talið um það hvernig við getum fylgt Jesú Kristi með því að gera það sem hann gerði, eins og að hjálpa öðrum, og láta skírást.



FYRIR MÓSÍA 7-10.

Fylgið spámanninum

Ammon kenndi að spámenn geti séð óséða hluti (sjá Mósía 8:16-17). Flettið á blaðsíðu 2 til að lesa boðskap Nelsons forseta frá aðalráðstefnu. Hvað kenndi hann okkur? Teiknið mynd af því og sendið okkur hjá *Barnavini*.

Fyrir yngri börnin: Syngið „Fylgið spámanninum“ (*Barnasöngbókin*, 58) með börnum ykkar. Í hvert sinn sem þið syngið orðið *spámaður*, bendið þá á mynd af spámanninum.

MYNDSREYTING: KATY DOCKRILL

FYRIR MÓSÍA 11-17

Ljós í myrkrinu

Abinadí kenndi að Jesú Kristur er „óendanlegt ljós, sem aldrei getur myrkvast“ (Mósía 16:9). Felið hlut í húsinu. Slökkvið öll ljós og hvetjið þau til að finna hann í myrkrinu. Felið síðan hlutinn og reynið að finna hann með ljósin kveikt eða með vasaljósi. Hvort var auðveldara? Hvernig hjálpar Jesús okkur eins og ljósin hjálpuðu ykkur?

Fyrir yngri börnin: Fáid börn ykkar til að æfa sig í að kveikja og slökkva á vasaljósi eða lampa. Talið síðan um það hvernig Jesús Kristur er ljós sem er aldrei hægt að fela eða slökkva á.



FYRIR MÓSÍA 18-24.

Hjörtu fléttuð í einingu

Alma kenndi okkur að „hjörtu [okkar] skyldu tengd böndum einingar og elsku“ (Mósía 18:21). Það þýðir að við ættum að vinna saman og sýna hvert öðru elsku. Búið til hjartakeðju til að minna ykkur á! Klippið út nokkur pappahjörtu og skrifið nöfn fjölskyldumeðlima á hvert og eitt þeirra.

Gerid gat í hvert hjarta og þræðið band í gegnum þau svo að hjörtun séu tengd. Hengið upp hjartakeðjuna þar sem þið getið séð hana oft!

Fyrir yngri börnin: Spyrjið barn ykkar um eitt atriði sem þau elska varðandi hvern einstakling í fjölskyldunni. Segið barni ykkar frá einhverju sem það gerir sem sýnir elsku þess til annarra!

